



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Jafnlaunastefna embættis Ríkislögreglustjóra

Jafnlaunastefna er sett af ríkislögreglustjóra og byggir á staðlinum ÍST 85. Jafnlaunastefnan er unnin í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Allt starfsfólk skal njóta jafnra kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum kjörum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir óháð kyni. Embætti ríkislögreglustjóra greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og taka þau mið af þeim kröfum sem störf gera. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjara- og stofnanasamninga. Stöðugt skal unnið að því að óútskýrður kynbundinn launamunur sé ekki til staðar hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Með innleiðingu jafnlaunastefnu skuldbindur embætti ríkislögreglustjóra sig til að:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi, skjalfesta og viðhalda með stöðugum umbótum.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjara- og stofnanasamningum sem í gildi eru hverju sinni.
- Framkvæma árlega eða oftár ef þörf er á, launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að tryggja að ekki sé til staðar óútskýrður kynbundinn launamunur.
- Kynna fyrir starfsfólki niðurstöðu launagreiningar hvað varðar óútskýrðan kynbundinn launamun innan samanburðarhæfra starfaflokka nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Bregðast við frábrigðum, komi þau fram, með stöðugum umbótum og eftirfylgni.
- Framkvæma innri úttekt árlega eða oftár ef þörf er á.
- Halda rýni yfirstjórnar árlega eða oftár ef þörf er á, þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Kynna jafnlaunastjórnunarkerfið fyrir öllu starfsfólki.
- Tryggja aðgengi almennings að stefnunni á logreglan.is og starfsmanna á innri vef embættisins.

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna embættisins.

Reykjavík, ágúst 2020